

L Ö G

um viðauka við lög nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

Aftan við I. kafla, 17. gr., laga nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir, komi ný grein, svo hljóðandi:

Um stofnun og vernd eignarréttar og eignarhafta á skrásettu loftfari skal farið eftir reglunum um fasteignir, að svo miklu leyti sem þeim verður við komið.

Gjört í Reykjavík, 17. maí 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

3. másl. 1. málsgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Sýslunefnd ákveður jafnan fyrir eitt ár í senn, hve hár skuli vera það ár vegar-skattur af löndum og lóðum, en hann má ekki lægri vera en 2 af hverju þúsundi virðingarverðs samkvæmt fasteignamati og ekki hærri en 12 af þúsundi.

2. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Nú er á einu ári varið meira fé úr sýsluvegasjóði og með framlagi samkvæmt síðari málsgr. 6. gr. en svarar 2% af fasteignarverði lands og lóða og 1% af fasteignarverði húsa, og skal þá rikissjóður greiða á móti því, sem umfram er, sem hér segir: Móts við það framlag, sem svarar til 2%—4% af land- og lóðaverði og 1%—2% af húsaverði, greiðist jafnmikið framlag úr rikissjóði, móti framlagi, er nemur 4%—10% af land- og lóðaverði og 2%—5% af húsaverði, greiðist tvöfalt framlag úr rikissjóði, en þrefalt á móti því, sem umfram er.